



ORKUSTOFNUN

RANNSÓKNASVIÐ - Reykjavík, Akureyri

Vinnsluprófun holu LPN-10 á Laugalandi á Þelamörk



**Arnar Hjartarson
Guðni Axelsson
Steinunn Hauksdóttir**

Unnið fyrir Norðurorku

2001

OS-2001/056



**Arnar Hjartarson
Guðni Axelsson
Steinunn Hauksdóttir**

Vinnsluprófun holu LPN-10 á Laugalandi á Þelamörk

Unnið fyrir Norðurorku

OS-2001/056

Desember 2001

ORKUSTOFNUN — RANNSÓKNASVIÐ

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. — Sími: 569 6000 — Fax: 568 8896
Akureyri: Háskólinn á Akureyri, Sólborg v/ Norðurslóð, 600 Akureyri.
Sími: 463 0559 — Fax: 463 0999
Netfang: os@os.is — Heimasíða: <http://www.os.is>



Skýrsla nr: OS-2001/056	Dags: Desember 2001	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Vinnsluprófun holu LPN-10 á Laugalandi á Þelamörk		Upplag: 50
		Fjöldi síðna: 49
Höfundar: Arnar Hjartarson Guðni Axelsson Steinunn Hauksdóttir	Verkefnisstjóri: Ólafur G. Flóvenz	
Gerð skýrslu / Verkstig: Afkastamat jarðhitasvæðis	Verknúmer: 8-610-606	
Unnið fyrir: Norðurorku		
Samvinnuaðilar:		
<p>Útdráttur:</p> <p>Skýrsla þessi greinir frá niðurstöðum vinnsluprófunar holu LPN-10 á Laugalandi á Þelamörk sem dýpuð var sumarið 2000. Í fimm mánuði veturinn 2000 til 2001 var grannt fylgst með vinnslu, vatnsborði og hita í holu LPN-10 og vatnsborði í 5 öðrum holum á svæðinu. Gögnin sem söfnuðust voru túluð með einföldum forðafræðileikönum til að meta afkastagetu svæðisins eftir dýpkun holunnar og jafnframt öðlast betri skilning á jarðhitakerfinu. Samkvæmt spám reiknuðum til átta ára annar jarðhitakerfið nú fastri árlegri vinnslu kringum 211/s. Vatnið úr holunni er um 103 °C og er fengið á rúmlega 1700 m dýpi þannig að hætta á innstreymi kalds grunnvatns er lítil. Afkastageta svæðisins hefur aukist úr 40 GWh á ári í 56 GWh á ári ef gert er ráð fyrir að hægt verði að dæla til viðbótar 15 l/s í 30 daga á ári úr holu LPN-11. Afkastageta svæðisins hefur aukist um tæp 50 % við dýpkun holu 10. Talið er að skilyrði til niðurdælingar í jarðhitakerfið hafi batnað mikið sem gæti aukið afköst þess töluvert til viðbótar.</p>		
Lykilord: Lághitasvæði, borholur, vinnsla, vatnsborð, þrepapróf, víxlpróf, dælupróf, lekt, vatnsrýmd, sprunga, geymislikön, afkastageta og orku-vinnsla.	ISBN-númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirfarid af: ÓGF, PI	

Efnisyfirlit

1 Inngangur	5
2 Vinnsluprófun holu LPN-10	7
3 Þepapróf í LPN-10	9
3.1 Um þepapróf og iðustreymi	9
3.2 Hola LPN-10 þepaprófuð	10
4 Vatnsborðsbreytingar í jarðhitakerfinu	11
4.1 Um mat á lektarþykkt og vatnsýmd	12
4.2 Niðurstöður túlkanna á vatnsborðsbreytingum í eftirlitsholum	13
4.3 Niðurstöður túlkana á vatnsborðsbreytingum í LPN-10	14
4.4 Samantekt á niðurstöðum túlkana vatnsborðsbreytinga	15
5 Spár um vinnslu og vatnsborð á Laugalandi á Þelamörk	16
5.1 Um þjöppuð geymislíkön	16
5.2 Niðurstöður líkanreikninga	17
5.3 Túlkun á niðurstöðum líkanreikninga	20
5.4 Mat á afkastagetu jarðhitakerfisins	22
5.5 Samspil LPN-10 og LPN-11	25
6 Kísill og magnesíum í LPN-10	26
7 Árangur dýpkunar LPN-10	28
7.1 Aukin orkuvinnsla með niðurdælingu	28
8 Samanteknar niðurstöður	29
9 Heimildir	30
10 English Summary	31
Viðauki A: Vinnslugögn frá holu LPN-10	32

Viðauki B: Vatnsborðsmælingar í borholum	36
Viðauki C: Mæld gögn í þrepaprófi í LPN-10	41
Viðauki D: Mælt og reiknað vatnsborð í borholum	43
Viðauki E: Líkanstuðlar þjappaðra geymislíkana	49

Myndaskrá

1 Rannsóknasvæðið á Laugalandi á Þelamörk	6
2 Mæld vinnsla, hiti og vatnsborð í holu LPN-10	7
3 Vatnsborð í borholum H-2, LPN-11, LP-17 og LPN-10 á Laugalandi á Þelamörk frá 29. október 2000 til 5. júní 2001.	8
4 Vatnsborð í borholum LPÝ-5, LPÝ-8 og LPN-10 á Laugalandi á Þelamörk frá frá 29. október 2000 til 5. júní 2001.	8
5 Mæld gögn í þrepaprófi í holu LPN-10	10
6 Niðurstöður þrepaprófs í holu LPN-10	11
7 Tvö dæmi um þjöppuð geymislíkön	17
8 Samanburður á mældu vatnsborði í holu LPN-11 og reiknuðu í holu LPN-10	18
9 Mælt og reiknað vatnsborð í holu LPN-10 auk eldri vinnslusögu úr LPN-11	19
10 Vinnslusaga og mælt og reiknað vatnsborð í holu LPN-10	19
11 Reiknuð vatnsborðsbreyting í LPN-10 með opnu tveggja geyma líkani og lokuðu þriggja geyma líkani miðað við m.v. 201/s dælingu	21
12 Reiknaður einingarniðurdráttur með opnu tveggja geyma líkani og lokuðu þriggja geyma líkani.	22
13 Spár um vatnsborð í holu LPN-10 samkvæmt opnu tveggja geyma líkani	23
14 Spár um vatnsborð í holu LPN-10 samkvæmt lokuðu þriggja geyma likani	24
15 Spár um vatnsborð í holu LPN-10 við breytingu á dælingu úr 211/s í 301/s	24
16 Spár um vatnsborð í holu LPN-10 vegna 211/s dælingu úr holunni að viðbættri 151/s dælingu úr LPN-11.	25
17 Styrkur kísils í vatni úr holum LPN-10 og LPN-11	26
18 Styrkur kísils í vatni úr holum LPN-10 og LPN-11 frá upphafi vinnslu þeirra	27

19	Styrkur magnesíums í vatni úr holum LPN-10 og LPN-11 frá upphafi vinnslu þeirra	27
20	Niðurstöður víxlprófs í holu H-2 (í viðauka D)	43
21	Niðurstöður víxlprófs í holu LPY-5 (í viðauka D)	44
22	Niðurstöður víxlprófs í holu LPY-8 (í viðauka D)	45
23	Niðurstöður víxlprófs í holu LPN-11 (í viðauka D)	46
24	Niðurstöður víxlprófs í holu LP-17 (í viðauka D)	47
25	Niðurstöður dæluprófs í holu LPN-10 (í viðauka D)	48

Töfluskrá


1	Borholur notaðar til vatnsborðsmælinga á Laugalandi á Þelamörk	9
2	Niðurstöður túlkanna á vatnsborðsbreytingum í styttri víxlprófum	13
3	Niðurstöður túlkanna á vatnsborðsbreytingum í lengri prófum	14
4	Niðurstöður túlkana á vatnsborðsbreytingum í holu LPN-10	15
5	Áætuð lektarþykkt (kh), vatnsleiðni (T), vatnsrýmd ($c_t h$ og S) og sprungulengd (L) í jarðhitakerfinu á Laugalandi á Þelamörk	16
6	Stuðlar sem lýsa eiginleikum líkana af jarðhitakerfinu á Laugalandi á Þelamörk	20
7	Vinnsla, hiti og vatnsborð í holu LPN-10 frá 30. október 2000 til 5. júní 2001 (í viðauka A)	32
8	Vatnsborð holu H-2 frá 29. október 2000 til 5. júní 2001 (í viðauka B) . .	36
9	Vatnsborð holu LPY-5 frá 29. október 2000 til 5. júní 2001 (í viðauka B) .	37
10	Vatnsborð holu LPY-8 frá 29. október 2000 til 5. júní 2001 (í viðauka B) .	38
11	Vatnsborð holu LPN-11 frá 29. október 2000 til 5. júní 2001 (í viðauka B) .	39
12	Vatnsborð holu LP-17 frá 29. október 2000 til 5. júní 2001 (í viðauka B) .	40
13	Mæld gögn í þrepaprófi í holu LPN-10 (í viðauka C)	41
14	Stuðlar í opnu tveggja geyma þjöppuðu líkani (í viðauka E)	49
15	Stuðlar í lokuðu þriggja geyma þjöppuðu líkani (í viðauka E)	49

1 Inngangur

Í nóvember árið 1992 hófst vinnsla úr jarðhitakerfinu á Laugalandi á Þelamörk eftir árangursríka borun holu LPN-11. Sú hola var boruð með því markmiði að skera sprungu í kerfinu sem fannst eftir ítarlegar rannsóknir á svæðinu. Áformað var að holan yrði allt að 1400 m djúp, háð því á hvaða dýpi sprungan kæmi fram í holunni. Borun holunnar gekk vel uns hún lenti í góðri vatnsæð á 430 m dýpi í gangbergi og varð algjört skoltap. Þá var ákveðið að halda fengnum hlut og bora holuna ekki dýpri. Ljóst var að holan skar ganga sem eru tengdir sprungunni sem hefur verið talin megináðfærsluæð kerfisins (Ólafur G. Flóvenz, 2000). Holan var vinnsluprófuð í um 10 mánuði frá nóvember 1992 og fram í ágúst 1993. Túlkánir á niðurstöðum vinnsluprófsins sýndu að kerfið gæti annað allt að 161/s vinnslu til 10 ára miðað við að vatnsborð héldist ofan við 240 m dýpi. Pessar jákvæðu niðurstöður leiddu til þess að ákveðið var að virkja holuna og leggja aðveituæð til Akureyrar.

Síðan 1993 hefur árleg meðalvinnsla á svæðinu verið í kringum 141/s af 91 °C heitu vatni. Talið var að hægt væri að fá meira vatn og heitara ef sprungan sem um ræðir væri skorin djúpt í kerfinu. Rökin fyrir því voru eftirfarandi (Ólafur G. Flóvenz, 2000): Hár kísilhiti á svæðinu benti til um eða yfir 100 °C hita niðri í jarðhitakerfinu. Reynslan af borunum í Eyjafirði sýnir að bestu vatnsæðarnar finnast á 1000 til 1500 m dýpi. Þá er búist við því að vatn úr holu LPN-11 kólni með tíma, sökum þess hversu grunnt æðin er, og til að viðhalda vinnslugetunni þarf að hitta vatnsæðarnar dýpra í jarðhitakerfinu. Frá desember 1998 til mars 2000 var rannsóknum haldið áfram eftir nokkurra ára hlé og voru boraðar 4 grunnar rannsóknarholur. Samkvæmt upplýsingum úr þeim holum var ljóst að uppstreymissvæðið djúpt í kerfinu var afar takmarkað og það væri tengt sprungu með stefnu kringum 35° og halla nálægt 2° til vesturs frá lóðréttu (Ólafur G. Flóvenz, 2000; Bjarni Gautason og Steinunn Hauksdóttir, 2000). Mynd 1 sýnir rannsóknarsvæðið á Laugalandi á Þelamörk.

Út frá hitamælingum í borholum á svæðinu var talið heppilegast að hitta sprunguna og gangnana á um 1500 m dýpi milli holna LPY-6 og LPN-11, beint undir Hörgá. Til að ná því markmiði var um two kosti að ræða. Bora lóðréttta holu á Hörgáreyrum eða skábora til norðvesturs frá holu LPN-10. Síðari kosturinn varð fyrir valinu. Í júlí 2000 settist jarðborinn Sleipnir í eigu Jarðboranna h/f á holu LPN-10. Holan, sem var fyrir um 925 m að dýpt, var dýpkuð og skáboruð frá 950 m dýpi til norðvesturs með um 20° halla. Holan skar sprunguna á tilætluðum stað en án verulegs árangurs. Á rúmlega 1700 m dýpi varð algjört skoltap þegar borað var í gangana og gaf loftdæling til kynna góðan árangur. Haustið 2000 var dæla sett í holuna og hún tengd við dreifkerfi Norðurorku. Þann 28. nóvember hófst vinnsluprófun holu LPN-10 og var henni lokið 3. maí 2001 rúmum fimm mánuðum seinna, en niðurstöður slíkra prófa verða áreiðanlegri eftir því sem þau eru lengri. Tilgangurinn með prófinu var að meta afköst jarðhitasvæðisins og sjá hvort þau hefðu aukist með dýpkun holunnar. Dælt var úr holunni kringum 201/s af vatni sem náði milli 103 og 104 °C hita. Meðan á prófuninni stóð var vel fylgst með viðbrögðum holunnar og jarðhitakerfisins í heild.




Mynd 1: Rannsóknasvæðið á Laugalandi á Pelamörk.


Pessi skýrsla fjallar um úrvinnslu á þessum gögnum. Í henni greinir frá mati á lekt og vatnsrýmd jarðhitakerfisins, viðbrögðum þess við vinnslu, spám um afkastagetu kerfisins og fleiru sem lesa má úr gögnunum. Ekki verður fjallað um borunina sem slíka né bergið sem holan er mynduð í eða jarðlagamælingar sem gerðar voru í holunni. Greint verður frá því í annarri skýrslu Orkustofnunar (Bjarni Gautason *o.fl.*, í vinnslu).

2 Vinnsluprófun holu LPN–10


Vinnsluprófun holu LPN–10 í jarðhitakerfinu á Laugalandi á Þelamörk hófst þann 28. nóvember 2000 kl. 8:20. Þá var kerfið búið að vera í hvíld frá 29. október, þegar vinnslu var hætt í holu LPN–11. Þann 5. maí má segja að prófinu hafi verið lokið, þegar dælingu var hætt í um mánuð, en þann 31. maí hófst dæling aftur úr holunni. Í þá fimm mánuði sem prófið stóð yfir var meðaldælingin úr holunni um 20,51/s og samtals var magnið um 275.870 m³. Eftir að holan var búin að hitna eftir rúma tveggja mánaða vinnslu var hiti vatnsins rúmar 103 °C við 23 l/s dælingu.



Mynd 2: Mæld vinnsla, hiti og vatnsborð miðað við holutopp í holu LPN–10 meðan á vinnsluprófi stóð.



Mynd 3: Vatnsborð í borholum *H-2*, *LPN-11*, *LP-17* og *LPN-10* á Laugalandi á Pelamörk frá 29. október 2000 til 5. júní 2001, mælt í metrum undir sjávarmáli.



Mynd 4: Vatnsborð í borholum *LPY-5*, *LPY-8* og *LPN-10* á Laugalandi á Pelamörk frá 29. október 2000 til 5. júní 2001, mælt í metrum undir sjávarmáli.

Mæld vinnslugögn úr holu LPN-10 má sjá á mynd 2 en frumgögnin, ásamt skýringum við vinnsluna, er að finna í töflu 7 í viðauka A. Einnig var grannt fylgst með vatnsbordi á svæðinu í nokkrum borholum bæði fyrir, eftir og á meðan prófuninni stóð. Yfirlit yfir þær holur sem notaðar voru til vatnsborðsmælinga má finna í töflu 1. Tími milli skráninga var frá hálftíma, þegar dæling hófst úr LPN-10, og allt upp í viku þegar litlar breytingar voru í vatnsborði í apríl 2001. Samanburð á vatnsborði í mæliholunum á svæðinu miðað við vatnsborðið í holu LPN-10 má sjá á myndum 3 og 4. Vatnsborðsgögnin er einnig að finna í töflum 8 til 12 í viðauka B. Nánar verður fjallað um vatnsborðsbreytingarnar í jarðhitakerfinu í kafla 4.

Tafla 1: Borholur notaðar til vatnsborðsmælinga á Laugalandi á Þelamörk.

Hola	Dýpi (m)	Lengd fóðringar (m)	Hæð yfir sjó (m)
H-2	1088	20	29,5
LPÝ-5	239	23	33,4
LPÝ-8	251	12	42,8
LPN-11	451	250	23,0
LP-17	252	12	14,0

3 Prepapróf í LPN-10

Prepapróf eru framkvæmd í þeim tilgangi að meta iðustreymistap við borholur. Iðustreymisstapið segir til um hversu mikið vatnsborð fellur í borholu vegna dælingarinnar sjálfrar. Áður en farið verður í niðurstöður þrepaprófsins í LPN-10, sem framkvæmt var þann 22. desember 2000, verður fjallað nánar um þrepapróf og framkvæmd þess.

3.1 Um þrepapróf og iðustreymi

Þegar vatni er dælt upp úr borholu verður niðurdráttur í vatnskerfinu umhverfis holuna vegna viðnáms bergsins við vatnið þegar það rennur. Breytingar á vatnsborði inni í borholunni endurspeglar því breytingar í vatnskerfinu umhverfis. Þó er heildarniðurdrátturinn í borholum ekki eingöngu tilkominn vegna aðstæðna bergenú í kringum holuna, heldur verður einnig niðurdráttur í holunni sjálfri.

Þegar dælt er upp úr holu streymir vatnið lagstreymt í átt til holunnar. Þegar vatnið kemur nær holunni fer það hraðar og þegar það fer upp fyrir ákveðin hraðamörk breytist streymið og verður ekki lengur lagstreymt heldur verður iðustreymi. Þetta iðustreymi veldur meira þrýstifalli og minni hraða og þar af leiðandi meiri niðurdrætti.

Til að kanna hversu mikil áhrif dælingarinnar eru er framkvæmt þrepapróf. Það er vanalega framkvæmt á eftirfarandi hátt: Í upphafi er ákveðnu magni dælt úr holunni og vatnsborð skráð. Svo er dælingin aukin þar til vatnsborð er orðið stöðugt á ný og


það skráð. Þetta er gert í jöfnum þrepum og varir hvert þrep í um klukkustund en dælingin er háð gæfni hverri holu fyrir sig. Í sumum tilfellum þar sem upphafsfþepið er hlutfallslega hátt, er farið upp um t.d. two þrep og þá niður um nokkur, þ.e. dælingin er minnkuð í stað þess að vera aukin.

Með því að teikna vatnshæð í borholunni sem fall af dælingu í lok hvers þreps má áætla hluta iðustreymisins af heildarniðurdraettinum. Sé um iðustreymi að ræða ættu gögnin að falla á annarar gráðu feril sem má lýsa með:

$$\Delta h = B q + C q^2$$


þar sem Δh er vatnshæðarbreytingin (m), q er dælingin (l/s), B er lagstreymisstuðull og C er iðustreymisstuðull. Jöfnuna má því nota til að áætla hver vatnshæðarbreytingin er vegna breyttar dælingar. Nánari fróðleik um þrepapróf má finna í bókinni Groundwater Hydrology eftir Todd (1959).

3.2 Hola LPN-10 þrepaprófuð



Mynd 5: Mæld gögn í þrepaprófi í holu LPN-10. Vatnsborð er mælt jákvætt niður frá holutopp.

Prepaprófið í LPN-10 á Laugalandi á Þelamörk var framkvæmt þann 22. desember 2000. Prófið hófst kl. 8:43 og var lokið 16:40. Fyrst var dæling aukin í tveimur þrepum úr



Mynd 6: Niðurstöður þrepaprófs í holu LPN-10.

20,2 l/s í 29,9 l/s og síðan lækkuð í fjórum þrepum niður í 9,81/s. Að lokum var dælingin aftur aukin í tveimur þrepum og endaði hún aftur í 20,21/s. Vatnsborðið var í upphafi 108 m en fór lægst í 119,5 m við 29,91/s dælingu en hæst í 101 m við 9,81/s dælingu. Holan var fullheit allan tímann og mældist hitinn á milli 101,2 °C og 102,9 °C og því eru hitaleiðréttigar óþarfar. Mældan hita, dælingu og vatnsborð, meðan á prófinu stóð má sjá á mynd 5 en gögnin er að finna í töflu 13 í viðauka C.

Niðurstöður þrepaprófsins má sjá á mynd 6. Hún sýnir vatnshæðarbreytingu sem fall af dælingu fyrir þrepin sex. Á myndinni hefur annarrar gráðu ferill verið felldur að gögnunum. Það er því greinilega um iðustreymistap að ræða í holunni. Ferlinum má lýsa með jöfnunni:

$$\Delta h = 0,18 q + 0,018 q^2$$

Ef t.d. dælingin er 10 l/s lækkar vatnsborðið um 1,8 m vegna bergsins umhverfis holun og 1,8 m vegna iðustreymis; samtals um 3,6 m. Sé dælingin hins vegar 30 l/s verða vatnsborðsbreytingarnar um 5,4 og 16,2 m; samtals um 21,6 m. Vatnsborðslækkun vegna iðustreymis verður því æ meiri eftir því sem dælingin er aukin.

4 Vatnsborðsbreytingar í jarðhitakerfinu

Vatnsborðsbreytingarnar sem fram komu í kerfinu við vinnsluna úr LPN-10 voru notaðar til að meta lektarþykkt og vatnsrýmd jarðhitakerfisins. Það var gert með því að túlka vatnsborðsbreytingarnar í kerfinu við lok vinnsluprófsins sem einfalt dælupróf á LPN-10 og víxlpróf við aðrar holur í kerfinu (H-2, LPY-5, LPY-8, LPN-11 og LP-17). Víxlpróf er dælupróf þar sem vatnsborð er mælt í annarri borholu en þeirri sem dælt er úr en víxlpróf eru betri en einföld dælupróf að því leyti að ekki þarf að taka tillit til borholuáhrifa og tregðu holunnar sem dælt er úr.

Til að túlkun á vatnsborðsbreytingum í jarðhitakerfum séu sem auðveldastar er mikilvægt að kerfin sé í jafnvægi áður en breyting verður á massatöku. Gögnin sem eru grundvöllur prófanna sem hér verður fjallað um á eftir eru frá 5. maí 2001 og fram til 1. júní 2001, eða 29 dagar. Mánuðina á undan því tímabili var búin að dæla stöðugt úr kerfinu kringum 201/s og hlutfallslega litlar breytingar voru í vatnsborði eins og sést á myndum 3 og 4. Áður en farið verður í úrvinnslu og niðurstöður prófanna verður rætt lítillega um mat á þeim stærðum sem stjórna vinnslugetu jarðhitakerfa: lektarþykkt og vatnsrýmd.

4.1 Um mat á lektarþykkt og vatnsýmd

Þegar vatni er dælt upp úr borholu úr jarðhitakerfi, eða öðru vatnskerfi, fellur þrýstingur í kerfinu sem endurspeglast í lægra vatnsborði. Hversu mikið og hratt vatnsborðið fellur er háð lektarþykkt, kh (k =lekt, h =þykkt), og vatnsrýmd, $c_t h$ (c_t =samþjappanleiki), bergsins umhverfis borholuna. Með því að mæla reglulega vatnsborðsbreytingarnar í jarðhitakerfinu þegar dælt er má áætla eiginleika kerfisins og spá fyrir um viðbrögð þess við vinnslu. Það er gert með því að herma vatnsborðsgögnin, þ.e. láta reiknaða ferla út frá viðeigandi líkani falla sem best að gögnunum. Tvö algeng líkön voru notuð til að meta bergeiginleika jarðhitakerfisins á Laugalandi á Pelamörk: Líkan Theis og sprungulíkan.

Líkan Theis gerir ráð fyrir að dælt sé úr óendanlega stórum, einsleitum vatnsgeymi með lekt k , poruhluta ϕ og þykkt h . Þjappanleiki geymisins er $c_t = \phi c_v + (1 - \phi)c_b$ þar sem c_v og c_b er þjappanleiki vatns og bergs. Gert er ráð fyrir að vatnið í kerfinu sé við sama hita og hafi seigju μ . Í sprungulíkani er gert ráð fyrir að vatnsgeymirinn, sem lýst er hér að ofan, sé skorinn af einni lóðrétttri sprungu með hálfengd x_f .

Flest lághitakerfi á Íslandi eru tilkomin vegna hræringar í lóðréttum sprungum (Axel Björnsson *o.fl.*, 1990). Hversu djúpt í berggrunnin kerfin ná er yfirleitt ekki vitað og þar með er þykkt þeirra, h , óþekkt stærð. Dælupróf í borholum geta ekki ein og sér greint á milli þeirra eiginleka sem notuð eru í líkanreikningunum heldur aðeins ákveðin mergfeldi þeirra. Þessar stærðir eru lektarþykkt, kh , og vatnsrýmd, $c_t h$. Séu sprunguáhrif ráðandi hefur það þau áhrif að vatnsrýmdina er ekki hægt að greina frá lengd sprungunnar, x_f , heldur aðeins margfeldi stærðanna sem er $c_t h x_f^2$. Þó að ekki sé hægt að greina beint einstaka liði í sundur í þessum stærðum er þekking á margfeldi þeirra nægjanleg til að meta vinnslueiginleka jarðhitakerfa. Þó má reikna aðra stærðina ef hin er metin, eða fengin með öðrum aðferðum eða prófum.

Til að velja viðeigandi líkan til úrvinnslu á prófunum, sem þessi kaffi greinir frá, voru gögnin teiknuð sem vatnsborðsbreyting á móti tíma, með báða ása á lógaritmískum kvarða. Gögnin voru svo borin saman við fyrirframreiknaða ferla sem einkenna sprungulíkan og líkan Theis. Eftir að búið var að ákveða viðeigandi líkan var forritið Lokur notað til ákvörðunar á líkanstuðlunum.

4.2 Niðurstöður túlkanna á vatnsborðsbreytingum í eftirlitsholum

Mældar vatnshæðarbreytingar í borholum H–2, LPY–5, LPY–8, LPN–11 og LP–17 vegna stöðvunar á dælingu í holu LPN–10 í lok vinnsluprófsins voru túlkaðar sem víxlpróf. Gögnin sem notuð voru ná yfir tímabil sem spanna 29 daga eða um 700 klukkustundir en þau eru að finna í töflum 8 til 12 í viðauka B. Pegar gögnin voru hermd kom í ljós að þau sýndu breytta hegðun eftir 5 til 6 daga. Ástæðan er líklega sú að eftir því sem prófin eru lengri verða vatnsborðsbreytingarnar háðar bergeiginleikum sem eru fjær prófunarsvæðinu. Því var gögnunum í hverju prófi skipt í langt og stutt próf. Styrtti prófin spanna því fyrstu 5 til 6 dagana meðan lengri prófin spanna dagana þar á eftir. Prófin gefa því mat á bergeiginleika í innsta hluta kerfisins sem og í kringum hann, en rúmmál hlutanna er ekki hægt að meta með þessum prófum.

Niðurstöður túlkana víxlprófanna má finna í töflum 2 og 3 og á myndum 20 til 24 í viðauka D. Myndirnar sýna samanburð á milli mælds og reiknaðs vatnsborðs auk líkanstuðla fyrir hvert víxlpróf. Tafla 2 inniheldur niðurstöður styrttri prófanna meðan tafla 3 inniheldur niðurstöður lengri prófanna. Í úrvinnslu prófanna var breyting á dælingu (Δq) höfð 201/s og var reiknað með föstum segjustuðli í öllum prófum $\mu = 0,28 \cdot 10^{-3}$ Pa·s. Við úrvinnslu á víxlprófum þarf að ákvarða vegalengdina, r , á milli aðal æðanna í borholunum sem um ræðir. Hér var gert ráð fyrir að sprungan, eða sprungubeltið, í kerfinu sé aðal vatnsleiðarinn og fjarlægðirnar voru gróflega metnar útfrá aðalæðinni í LPN–10 á 1700 m dýpi og dýpt og staðsetningu hinna holnanna. Veitirinn er því lóðréttur, en ekki láréttur, með þykkt, h , sem túlkast hér sem þykkt sprungubeltisins.

Tafla 2: Niðurstöður túlkanna á vatnsborðsbreytingum í styrttri víxlprófum. [†]Áætlað gildi.

Mælihola	Fjarlægð r (m)	Líkan	Lektarþykkt kh (Dm)	Vatnsrýmd $c_t h$ (m/Pa · 10 ⁻⁹)	Hálf lengd sprungu x_f (m)
H–2	1000	Theis	5,5	8,2	–
LPY–5	1500	Theis	3,9	4,7	–
LPY–8	1600	Theis	3,4	5,1	–
LPN–11	1200	Sprunga	2,1	6,0 [†]	1260
LP–17	1500	Sprunga	3,3	6,0 [†]	1360

Í töflu 2 sést að holar LPN–11 og LP–17 falla betur að sprungulíkani meðan holar H–2, LPY–5 og LPY–8 falla betur að líkani Theis. Lektarþykktin gefur til kynna að hola 11 sé töluvert betur tengd við LPN–10 heldur en hinar holurnar, jafnvel þó að hola 17 sýni líka sprunguhögðun. Þetta er trúverðugt í ljósi þess að á mynd 3 sést að vatnsborðið í holu 11 stendur alltaf neðar en í holu 17. Holur 5 og 8 virðast vera í jafnmiklum tengslum við holu 10 enda eru vatnsborðsbreytingarnar í þeim mjög líkar eins og kemur fram á mynd 4. Tengslin milli holna 10 og 2 eru þó betri en milli holu 10 og 5 og 8. Hafa ber í huga að hola 2 er meira en fjórfalt dýpri en holur 5 og 8. Meðalgildi lektarþykktta í töflu 2 er um 3,6 Dm (Darcy-metrar: 1 Dm = $1 \cdot 10^{-12}$ m³).

Tafla 3: Niðurstöður túlkanna á vatnsborðsbreytingum í lengri prófum. †Áætlað gildi.

Mælihola	Fjarlægð r (m)	Líkan	Lektarþykkt kh (Dm)	Vatnsrýmd $c_t h$ (m/Pa · 10 ⁻⁹)	Hálf lengd sprungu x_f (m)
H-2	100	Theis	1,1	8,5	—
LPÝ-5	1600	Theis	0,92	3,8	—
LPÝ-8	1600	Theis	0,90	3,5	—
LPN-11	1200	Sprunga	1,0	6,0 [†]	1200
LP-17	1500	Sprunga	0,90	6,0 [†]	1200

Meðal vatnsrýmd í holum H-2, LPÝ-5 og LPÝ-8 er um $6,0 \cdot 10^{-9}$ m/Pa. Til að áætla lengd sprungnanna sem tengjast holum LPN-11 og LP-17 var vatnsrýmdin höfð $6,0 \cdot 10^{-9}$ m/Pa. Þá gefur sprungulíkanið að hálflengdir sprungnanna, sem skera holur 11 og 17, séu um 1260 og 1360 m. Þetta eru ekki mjög nákvæm gildi og ætti að líta á þau sem nálganir. Heildarlengd sprungnanna fæst svo með því að tvöfalta hálflengdirnar. Séu holurnar að skera sömu sprunguna, eins og lagt var útfrá í upphafi, er heildarlengd hennar áætluð á bilinu 2 til 3 km.

Túlkun lengri prófananna er að finna í töflu 3. Holur LPN-11 og LP-17 sýna veik merki um sprunguhegðun, en sökum hárra vatnsrýmdargilda var sprungulíkan áfram notað við túlkun á vatnsborðsbreytingunum, meðan hinar holurnar fylgja líkani Theis. Mjög gott samræmi er á milli lektarþykktargilda úr prófunum og er meðalgildið um 0,96 Dm. Það bendir til þess að holurnar séu að greina svæði sem er fyrir utan innsta hluta jarðhitakerfisins þar sem sprunguáhrifa gætir minna. Þar er lektarþykktin stærðargráðu minni en í innsta hlutanum.

Meðal vatnsrýmd í holum H-2, LPÝ-5 og LPÝ-8 er um $5,3 \cdot 10^{-9}$ m/Pa og er aðeins lægra en meðalgildið sem fékkst úr styttri prófunum. Þetta bendir einnig til minni sprunguáhrifa. Hálflengd sprungunnar sem tengist holum 11 og 17 er eins í báðum prófum, eða um 1200 m.

4.3 Niðurstöður túlkana á vatnsborðsbreytingum í LPN-10

Sprungulíkan var fellt að vatnsborðsgögnunum sem mældust þegar slökkt var á dælunni í holu LPN-10. Gögnin sýna breytilega hegðun eftir 4 daga og voru því túlkuð tvö próf eins og í víxlprófunum. Í fyrra prófinu eru gögnin hermd fyrstu 4 dagana en í því síðara eru gögnin hermd frá 4. degi til þess 29. Mælt vatnsborð eftir 6 daga var ekki haft með í útreikningunum því hugsanlega er um ranga skráningu að ræða í því tilviki. Leiðrétt var fyrir borholuáhrifum og iðustreymi með því að hækka vatnsborðið í upphafspunkti um 7 m. Ekki var tekið tillit til þess að vatnið í holunni kólnar með tíma en áhrifin eru þau að vatnssúlan í holunni dregst saman og vatnsborðið stendur neðar í holunni en ef hún væri fullheit. Pessi munur er um 15 m.

Niðurstöður reikninganna er að finna í töflu 4. Samanburð á mældu og reiknuðu vatnsborð í holu LPN-10 er að finna á mynd 25 í viðauka D. Líkt og í víxlprófunum kemur

Tafla 4: Niðurstöður túlkana á vatnsborðsbreytingum í holu LPN-10. †Áætlað gildi.

Mælihola	Gögn (dagar)	Líkan	Lektarþykkt kh (Dm)	Vatnsrýmd $c_t h$ (m/Pa · 10^{-9})	Hálf lengd sprungu x_f (m)
LPN-10	0–4	Sprunga	4,6	6,0 [†]	640
LPN-10	11–29	Sprunga	1,1	6,0 [†]	940

fram hærri lekt næst holunni en fjær henni. Lektin nálægt holunni er um 4,6 Dm en 1,1 Dm fjær henni. Þetta getur verið mælikvarði á lekt sprungunnar eða áhrifasvæði hennar. Lektargildin sem fást úr prófinu eru í góðu samræmi við víxlprófin (sjá töflur 2 og 3). Með því að nota $6,0 \cdot 10^{-9}$ m/Pa fyrir vatnsrýmd, fæst að hálf lengd sprungunnar er 600 til 1000 m. Heildarlengd hennar gæti því verið 1,5 til 2 km samkvæmt þessari túlkun.

4.4 Samantekt á niðurstöðum túlkana vatnsborðsbreytinga

Tafla 5 sýnir samantekt á niðurstöðum dæluprófanna sem fjallað var um hér að ofan. Í styttri prófunum er meðallektarþykktin úr öllum prófum 3,6 Dm en í þeim lengri 0,99 Dm, eða tæplega fjórum sinnum lægri. Ef þessar tölur eru reiknaðar yfir í leiðnistuðul (T) fæst $1,2 \cdot 10^{-4}$ m²/s fyrir styttri prófin og $0,33 \cdot 10^{-4}$ m²/s fyrir lengri prófin. Þessi gildi má bera saman við niðurstöður úr prófunum sem framkvæmd voru á Pela-mörk á árunum 1992 til '93 í tengslum við vinnsluprófun á holu LPN-11. Niðurstöður þeirra prófa er að finna í skýrslu Orkustofnunar frá 1994 (Ólafur G. Flóvenz o.fl., 1994). Í töflu 13 á bls. 47 í þeirri skýrslu kemur fram að meðal leiðnistuðull í stuttum prófum (1 sólarhringur) er $0,63 \cdot 10^{-4}$ m²/s en $0,38 \cdot 10^{-4}$ m²/s í löngum prófum (150 dagar). Séu þessi gildi borin saman við gildin í töflu 5 er ágætis samræmi milli vatnsleiðni í löngu prófunum en fyrir styttri prófin er gildið frá '94 helmingi lægra.

Meðallektarþykktin í stuttu prófunum er hér túlkað sem meðalgildi fyrir innsta hluta jarðhitakerfisins þar sem sprunga, ein eða fleiri, ráða mestu um lektina en meðalgildið úr löngu prófunum er túlkað sem meðalgildi fyrir utan innsta hlutann þar sem áhrif sprungunnar eru minni. Mismunandi lektargildi úr stuttu prófunum fyrir holur LPN-10, LPN-11 og LP-17, sem allar eru taldar tengjast aðalsprungunni í kerfinu, gefur til kynna að sprungan geti verið mislek á mismunandi stöðum.

Meðalvatnsrýmd kerfisins, samkvæmt líkani Theis úr stuttu og löngu prófununum, er $c_t h = 5,6 \cdot 10^{-9}$ m/Pa og reiknast sem $S = 0,53 \cdot 10^{-4}$ (einingarlaus) sé notaður sami ritháttur og í skýrslunni frá '94, en vatnsrýmd er hægt að setja fram á fleiri en einn veg. Meðalvatnsrýmdin er metin $S = 5,0 \cdot 10^{-4}$ í prófunum frá '94 og er það gildi stærðargráðu hærri en hér er upp gefin. Ástæðan fyrir þessum mun er líklega sá að í víxlprófunum frá '94 var æðin sem unnið var úr mun ofar í jarðhitakerfinu og þar með í betri tengslum við grunnvatnskerfið. Meðalvatnsrýmdin stjórnast því að hluta til af sveiflum í frjálsu vatnsborði. Með því að yfirfæra vatnsrýmdina sem fæst í prófunum með líkani Theis yfir á sprungulíkanið, fæst að hálflengd sprungubeltisins er frá 640 til 1340 m. Því má

Tafla 5: Áætuð lektarþykkt (kh), vatnsleiðni (T), vatnsrýmd ($c_t h$ og S) og sprungulengd (L) í jarðhitakerfinu á Laugalandi á Þelamörk.

<i>Styttri próf, 5–6 dagar</i>	
Lektarþykkt: kh Leiðnistiðull: $T = \frac{kh\rho g}{\mu}$	3,6 Dm $1,2 \cdot 10^{-4} \text{ m}^2/\text{s}$
<i>Lengri próf, 29 dagar</i>	
Lektarþykt: kh Leiðnistiðull: $T = \frac{kh\rho g}{\mu}$	0,99 Dm $0,33 \cdot 10^{-4} \text{ m}^2/\text{s}$
Vatnsrýmd: $c_t h$ $S = c_t h \rho g$	$5,6 \cdot 10^{-9} \text{ m/Pa}$ $0,53 \cdot 10^{-4}$
Sprungulengd: L	1–3 km


búast við að heildarlengd þess geti verið 1 til 3 km. Með því að nota meðalvatnsrýmd jarðhitakerfisins, $c_t h = 5,6 \cdot 10^{-9} \text{ m/Pa}$, og gera ráð fyrir að þjappanleiki bergsins og vatnsins í jarðhitakerfinu sé $c_b = 2 \cdot 10^{-11} \text{ Pa}^{-1}$ og $c_v = 5 \cdot 10^{-10} \text{ Pa}^{-1}$ og poruhluti kerfisins sé $\phi = 7,5 \%$, fæst að þykkt sprungubeltisins í kerfinu sé um 100 m.

5 Spár um vinnslu og vatnsborð á Laugalandi á Þelamörk

Í þessum kafla verður gert grein fyrir þjöppuðum geymislíkönnum sem notuð voru til að herma vinnsluprófun LPN-10 og meta á afkastagetu jarðhitakerfisins á Laugalandi á Þelamörk. Þjöppuð geymislíkön hafa verið notuð undanfarin ár við afkastamat á jarðhitasvæðunum fimm sem Norðurorka nýtir til orkuvinnslu. Líkönin sem hér eru sett fram koma því í stað eldra líkans sem til er fyrir jarðhitakerfið og var síðast uppfært árið 1999 (Guðni Axelsson *o.fl.*, 1999).

5.1 Um þjöppuð geymislíkön

Þjöppuð geymislíkön hafa verið notuð með góðum árangri undanfarin ár hér á Íslandi við að herma vatnsborð á lághitasvæðum og spá fyrir um afköst þeirra. Áreiðanleiki spánna fer mikið eftir því hversu lengi hefur verið dælt úr viðkomandi svæði og hversu náið hefur verið fylgst með vatnsborðsbreytingum. Því lengri sem vinnlusagan er, því áreiðanlegra verður afkastamat kerfisins. Þjöppuð líkön byggja á þeirri líkingu að geymar séu tengdir saman sem eiga að tákna hina mismunandi hluta jarðhitakerfisins sem um ræðir. Líkönin geta bæði verið opin eða lokað. Í opnum líkönnum næst jafnvægi milli vinnslu og innrennslis inn í jarðhitakerfið og því nær vatnsborðið jafnvægi við stöðuga vinnslu



Mynd 7: *Tvö dæmi um þjöppuð geymislíkön.*


til lengri tíma litið. Í lokuðum líkönnum næst ekki slíkt jafnvægi þar sem ekkert rennsli er inn í jarðhitakerfið og vatnsborðið lækkar stöðugt með fastri langtímovinnslu. Opin líkön gefa því bjartsýnisspár meðan þau lokuðu gefa svartsýnisspár (Guðni Axelsson *o.fl.*, 1994).

Mynd 7 sýnir mynd af tveimur þjöppuðum líkönnum. Efra líkanið er opið tveggja geyma líkan meðan það neðra er lokað þriggja geyma líkan. Hver geymir á að herma ákveðinn hluta jarðhitakerfis eða nágrenni þessi. Fyrsti geymirinn er minnstur og táknað innsta hluta jarðhitakerfis þar sem vinnslan, Q , fer fram. Geymirinn þar við hliðina er stærri og táknað bergmassann umhverfis þann minnsta. Á milli geymanna eru rennslisviðnám sem ráða vatnsrennslinu á milli þeirra. Skammtímasveiflur í vatnsborði stjórnast mest af minnsta geyminum meðan langtímasveiflur stjórnast af þeim stærri. Stærðirnar κ_1 , κ_2 og κ_3 lýsa vatnsrýmd meðan σ_1 , σ_2 og σ_3 lýsa lekt jarðhitakerfisins.

Í lokaða líkaninu táknaðar þriðji geymirinn lokað grunnvatnskerfi ofan við jarðhitakerfið og stjórnar innrennsli í það. Þar sem ekkert innrennsli er í þriðja geyminn fellur þrýstingur jafnt með fastri dælingu til lengri tíma litið. Í opna líkaninu er annar geymirinn tengdur við vatnskerfi sem hefur fastann þrýsting P_0 sem leiðir til þess að vatnsborð nær jafnvægi við fasta dælingu. Nánari fróðleik um hermireikninga með þjöppuðum líkönnum má finna í skýrslu Orkustofnunar frá 1988 (Guðni Axelsson *o.fl.*, 1988) og í greinum eftir Guðna Axelsson (1989 og 1993).

5.2 Niðurstöður líkanreikninga

Vinnsla hófst úr jarðhitakerfinu á Laugalandi á Þelamörk í lok árs 1992 með vinnslupróf-un á LPN-11. Árleg vinnsla hefur verið að jafnaði í kringum 12 til 14 l/s og vatnsborðið sveiflast á milli 100 til 150 m dýpis. Jarðhitakerfið var því í ójafnvægi þegar vinnslupróf-




Mynd 8: Samanburður á mældu vatnsborði í holu LPN-11 og reiknuðu í holu LPN-10.


anir á LPN-10 hófust þann 28. nóvember 2000. Hermun á vinnslugögnunum úr holu 10 eingöngu hefðu því gefið rangar niðurstöður um gæfni holunnar og þar með vinnslugetu jarðhitakerfisins. Til að leiðréttu fyrir þessu var vinnslusaga kerfisins, þ.e. vinnslan úr LPN-11 frá 1992, yfirlæst á holu LPN-10 og látið sem ávallt hafi verið dælt úr þeiri holu.

Til að niðurstöður líkanreikninganna bæru ekki keim af fyrri niðurstöðum var fyrst byrjað með mjög einfalt líkan sem var gert flóknara og flóknara þar til reiknaða vatnsborðið hermdi það mælda ágætlega. Niðurstaðan var sú að hægt er að herma vatnborðsgögnin bæði með opnu, tveggja geyma líkani og lokuðu, þriggja geyma líkani. Í báðum tilvikum var gert ráð fyrir því að afrennslið úr jarðhitakerfinu hafi verið 3,01/s fyrir upphaf vinnslu úr LPN-11, en minna afrennsli gerir spárnar bjartsýnni. Þróunarhálfan kerfisins við upphaf vinnslu hafði tölverð áhrif á niðurstöður reikninganna og leiðir hærri upphafsþróunarhálfan til meiri langtímaniðurdráttar. Upphafsþróuningur holu LPN-11, sem var tæp 2 bör, var of lágur til að hægt væri að yfirlæsa hann á LPN-10 þar sem aðalæðin er á um 1700 m dýpi. Upphafsþróuningurinn var fundinn með því að bera saman reiknað vatnsborð í LPN-10 og mælt vatnsborð í LPN-11 og fikta með upphafsþróuninginn þangað til að hallinn á langtímaniðurdrættinum væri sá sami. Þetta má sjá á mynd 8. Á henni má sjá að reiknað vatnsborð í holu 10 er að jafnaði 20 til 40 m hærra en í holu 11 og langtímaniðurdrátturinn hefur svipaðan halla. Ástæðan er líklega sú að hola 10 er dýpri og í betri tengslum við jarðhitakerfið en hola 11 og þetta krefst meiri upphafsþróunings. Í líkanreikningunum var upphafsþróuningurinn í LPN-10 hafður 3,5 bör sem jafngildir 35 m vatnshæð yfir holutopp.

Myndir 9 og 10 sýna því niðurstöður hermireikninganna með lokuðu þriggja geyma líkani og opnu tveggja geyma líkani. Enginn sýnilegur munur er á reiknuðu ferlunum á milli líkananna. Mynd 9 sýnir vinnslusögu svæðisins, frá 11. nóvember 1992 og fram til 5. júní 2001, mælt vatnsborð meðan á vinnsluprófun LPN-10 stóð (opnir og fylltir kassar) og



Mynd 9: Mælt og reiknað vatnsborð í holu LPN-10 auk eldri vinnslusögu LPN-11 sem var yfirfærð á LPN-10.



Mynd 10: Vinnslusaga og mælt og reiknað vatnsborð í holu LPN-10.

reiknað vatnsborð í kerfinu (heildreginn ferill) samkvæmt líkönunum.

Mynd 10 sýnir nánar tímabilið meðan á vinnsluprófun LPN-10 stóð. Eins og áður sýnir ferillinn reiknað vatnsborð og kassar sýna mælt vatnsborð. Fylltir kassar eru hermt vatnsborð en opnir kassar eru vatnsborðsgögn sem ekki voru hermd. Ástæðan fyrir því að gögnin í upphafi voru ekki hermd er sú að holan var búin að standa í mánuð og gætti því breytinga í hita vatnssúlunnar inni í holunni þegar byrjað var að dæla úr henni sem leiðir til breytinga á vatnsborði. Þjappaða líkanið gerir ekki ráð fyrir slíku og því voru vatnsborðsgögnin fyrir vinnsluprófun ekki hermd. Á myndinni sést að tekist hefur að herma gögnin því reiknaði ferillinn fylgir mældu gögnunum ágætlega. Meðalfrávik frá mældu vatnsborði og reiknuðu í hverjum gagnapunkti er um 1 %. Í töflu 6 er að finna þær stærðir sem lýsa bæði opna og lokaða líkaninu sem reikningarnir byggja á. Í töflum 14 og 15 í viðauka E má finna stuðlana sem notaðir voru við líkanreikninganna og gefa niðurstöðurnar sem er að finna í töflu 6.

Tafla 6: Stuðlar sem lýsa eiginleikum líkana af jarðhitakerfinu á Laugalandi á Pelamörk.

Opið tveggja geyma líkan	$\kappa_1 = 11,3 \text{ ms}^2$ $\kappa_2 = 55,2 \text{ ms}^2$ $\sigma_1 = 9,6 \cdot 10^{-4} \text{ ms}$ $\sigma_2 = 0,76 \cdot 10^{-4} \text{ ms}$
Lokað þriggja geyma líkan	$\kappa_1 = 12,0 \text{ ms}^2$ $\kappa_2 = 53,8 \text{ ms}^2$ $\kappa_3 = 21600 \text{ ms}^2$ $\sigma_1 = 10,5 \cdot 10^{-4} \text{ ms}$ $\sigma_2 = 0,81 \cdot 10^{-4} \text{ ms}$

5.3 Túlkun á niðurstöðum líkanreikninga


Stærðirnar κ í töflu 6 lýsa vatnsrýmd og má nota þær til að áætla stærð jarðhitakerfisins. Vatnsrýmdin er háð rúmmáli geymanna og því hvort hún stjórnast af þjappanleika vatns og bergs eða sveiflum í frjálsu vatnsborði. Í fyrra tilfellinu gildir $\kappa = V \rho_v (c_v \phi + c_b (1 - \phi))$, þar sem V er rúmmál þess hluta jarðhitakerfisins sem geymirinn hermir, ρ_v eðlismassi jarðhitavatnsins, c_v og c_b þjappanleiki vatns og bergs og ϕ poruhluti bergs. Í seinni tilfellinu gildir $\kappa = A \phi / g$ þar sem A er yfirborðsflataarmál viðkomandi hluta kerfisins og g er þyngdarhröðun jarðar.

Eins og áður hefur verið minnst á má túlka geyma 1 og 2 í opna og lokaða líkaninu sem vinnsluhluta jarðhitakerfisins og jarðhitakerfið í heild sinni. Þriðja geyminn í lokaða líkaninu má svo túlka sem öll önnur vatnskerfi í kringum jarðhitakerfið og í tengslum við það. Hegðun þriðja tanksins stjórnast líklega mest af grunnvatnskerfinu þó önnur kerfi eins og t.d. jarðhitakerfi sem liggur dýpra geti spilað þar inn í. Ef gert er ráð fyrir að vatnsrýmd geyma 1 og 2 í báðum líkönunum stjórnist af þjappanleika vatns og bergs, og að poruhlutinn sé 7 %, fæst að vinnsluhlutinn hafi rúmmál um $0,2 \text{ km}^3$ og kerfið í heild hafi rúmmál um $1,1 \text{ km}^3$. Í töflu 6 sést að gildi κ_1 og κ_2 eru svipuð

fyrir bæði opna og lokaða líkanið og því reiknast rúmmálin svipuð með báðum líkönum. Þriðji geymirinn í lokaða líkaninu gefur að flatarmál grunnvatnskerfisins sé um $3,0 \text{ km}^2$ ef gert er ráð fyrir 7 % poruhluta eins og áður og að vatnsrýmdin í geyminum stjórnist af frjálsu vatnsborði. Rúmmál jarðhitakerfisins er mjög lítið samanborið við rúmmál hinna jarðhitakerfanna sem Norðurorka nýtir: Syðra-Laugaland 33 km^3 , Ytri-Tjarnir 10 km^3 , Glerárdalur 10 km^3 og Botn $3,6 \text{ km}^3$ (Guðni Axelsson *o.fl.*, 1988).

Rúmmál innsta hluta jarðhitakerfisins á Laugalandi á Þelamörk er um $0,2 \text{ km}^3$. Ef gert er ráð fyrir að hann tákni sprungubelti sem liggi í gegnum kerfið, hæð þess sé $1,5 \text{ km}$ og að breidd þess sé um 100 m (sjá bls 16) fæst að lengd sprungbeltisins sé um $1,5 \text{ km}$. Þetta er í samræmi við niðurstöður dæluprófanna (sjá töflu 5).

Stærðirnar σ_1 og σ_2 í töflu 6, sem lýsa lekt í jarðhitakerfinu, eru mjög áþekkar fyrir bæði opna og lokaða líkanið. Ef gengið er út frá því að innsti hluti jarðhitakerfisins hafi lögun sívalnings inni í ytra kerfinu, sem sé eins og kragi utan um, fæst með útreikningum að meðallektin milli vinnsluhlutans og ytri hlutans sé um 17 mD og að meðallektin milli jarðhitakerfisins og grunnvatnskerfisins sé um $2,2 \text{ mD}$. Hafa ber í huga að ofangreindar rúmmálstölur og lektargildi eru aðeins grófar áætlanir á þessum stærðum fyrir jarðhitakerfið. Rúmmálsgildin eru t.d. mikið háð poruhlutanum, sem gengið er útfrá.




Mynd 11: Reiknuð vatnsborðsbreyting í LPN-10 með opnu tveggja geyma líkani og lokaðu þriggja geyma líkani m.v. 20 l/s dælingu. Myndin sýnir breytinguna á bæði línulegum og lógaritmískum kvarða.

Lektargildin eru svo háð rúmmálunum og afstöðu í rúmi en að ofansögðu getur innsti hluti kerfisins táknað sprungubelti og þá er forsendan um sívalningssamhverfu vafasöm.


Önnur aðferð til að meta lektina í þjöppuðu líkönunum felst í því að reikna vatnsborðsbreytingar í kerfinu út frá ákveðinni dælingu og nota líkan Theis eða sprungulíkanið til að meta lektina. Petta var gert fyrir bæði opna og lokaða líkanið með fastri 201/s dælingu úr kerfinu í fjóra mánuði frá 1. júní 2001. Mynd 11 sýnir reiknaða vatnsborðsbreytingu með opnu og lokuðu líkani á línulegum og lógaritmískum kvarða en aðeins er byrtur einn ferill því þeir voru nánast eins fyrir bæði líköni. Vatnsborsbreytingin sýnir mjög skýr merki um sprunguhedgun sem einkennist af hallatölu $1/2$ (1 lota / 2 lotur). Sprungulíkán var því notað til að herma vatnsborðsbreytingarnar. Á myndinni má sjá að eftir 12 daga verður breyting á ferlinum og hann leitar meira upp á við. Petta eru merki um það að vatnsborðið stjórnast meira af eiginleikum bergsins utan við innsta hluta kerfisins líkt og sést í dæluprófunum í kafla 4. Lektin fyrir innri hlutann reiknast 8,6 Dm og 1,2 Dm fyrir ytri hlutann. Seinna gildið er í góðu samræmi við meðallektargildip sem fékkst úr styttri dæluprófunum (sjá töflu 5) en það fyrra er rúmlega tvöfalt hærra en það sem fékkst með lengri dæluprófunum. Vatnsrýmdin sem fékkst með sprungulíkáninu var allt of há og er líklega um áhrif frjáls vatnsborðs að ræða.

5.4 Mat á afkastagetu jarðhitakerfisins

Jarðhitakerfi eru stundum metin útfrá einingarniðurdrætti, þ.e. hver niðurdrátturinn er í kerfinu við dælingu á 1 l/s til lengri tíma litid. Einingarniðurdráttur er í raun mælikvarði á afkastagetu því að minni niðurdráttur táknað meiri afkastagetu. Á mynd 12 má sjá



Mynd 12: Reiknaður einingarniðurdráttur með opnu tveggja geyma líkani og lokuðu þriggja geyma líkani ásamt einingarniðurdrætti í holu LPN-11 og jarðhitakerfinu á Syðra-Laugalandi til samanburðar.




Mynd 13: Spár um vatnsborð í holu LPN-10 samkvæmt opnu tveggja geyma líkani.


einingarniðurdrátt í jarðhitakerfinu á Laugalandi á Þelamörk samkvæmt opnu tveggja geyma líkani og lokuðu þriggja geyma líkani sem fjallað var um hér að ofan. Á myndinni kemur fram samanburður við reikninga með þjöppuðu líkani á vinnslugögnum úr holu LPN-11 sem var endurskoðað árið 1998 (Guðni Axelsson *o.fl.*, 1999). Greinilegt er að kerfið sýnir meiri vinnslugetu eftir dýpkun LPN-10. Sökum þess hve grunnvatnskerfið ofan við jarðhitakerfið er stórt hagar lokaða líkanið sér svipað og opna líkanið til skemmi tíma litið. Þetta eru jákvæðar niðurstöður sem benda til þess að kerfið sé nær því að vera opið heldur en lokað. Á mynd 12 má einnig sjá einingarniðurdrátt í jarðhitakerfinu á Syðra-Laugalandi sem er öflugasta jarðhitakerfið í vinnslu hjá Norðurorku. Það kerfi er mun stærra með meiri lekt og sýnir því mun meiri vinnslugetu til lengri tíma litið. Þó eykst einingarniðurdrátturinn hlutfallslega hraðar á Syðra-Laugalandi en á Þelamörk eftir nokkurra ára vinnslu.

Þjöppuðu líkönin sem hér hafa verið sett fram voru notuð til að spá fyrir um vinnslugetu jarðhitakerfisins á Laugalandi á Þelamörk til ársins 2010. Þar sem ekki er hægt að gera upp á milli hvort opna tveggja geyma líkanið sé líklegra en lokaða þriggja geyma líkanið, eru birtar vatnsborðspár frá báðum líkönum þar sem gert er ráð fyrir fastri ársmeðalvinnslu úr kerfinu. Á myndum 13 og 14 má finna spárnar sem gerðar voru fyrir nokkur gildi ársmeðalvinnslu. Samkvæmt opna líkaninu ætti jarðhitakerfið örugglega að geta staðið undir fastri 21 l/s ársmeðalvinnslu til 8 ára ef dælur ná niður á um 250 m dýpi. Dælur ættu að komast á þurr í lok árs 2009 samkvæmt lokaða líkaninu miðað við sömu vinnslu. Séu hinsvegar settar niður dælur sem þola allt að 300 m niðurdrátt er hægt að auka ársmeðalvinnsluna upp í 24 til 26 l/s næstu 8 árin. Í spánum er tekið tillit til vatnsborðslækkunar vegna iðustreymis við holu.

Mynd 15 sýnir spár um vatnsborðsbreytingar í holu LPN-10 vegna aukinnar dælingar úr 21 í 30 l/s úr holunni. Gengið er út frá því að kerfið sé í jafnvægi þegar dælingunni er breytt. Á myndinni má lesa hvernig búist er við að vatnsborðið breytist með tíma




Mynd 14: Spár um vatnsborð í holu LPN-10 samkvæmt lokuðu þriggja geyma likani.



Mynd 15: Spár um vatnsborðsbreytingar í holu LPN-10 vegna aukinnar dælingar úr 21 l/s í 30 l/s. Sýndir eru nokkrir ferlar sem hafa mismunandi upphafsvatnsborð. Dælingu er breytt við tímann 0 dagar.

miðað við mismunandi vatnshæð þegar dælingu er breytt. Af myndinni má t.d. ráða að hægt er að dæla 30 l/s í um 35 daga áður en vatnsborðið nær 250 m dýpi ef vatnsborðið var í jafnvægi í 200 m við 21 l/s dælingu við tíma núll.

Hafa ber í huga að gögnin sem hermd voru spanna aðeins rúmlega 6 mánuði, sem er frekar stuttur tími, en spárnar verða nákvæmari eftir því sem vinnslusagan lengist. Niðurstöður hermireikninga fyrir jarðhitakerfið gætu því breyst þegar hermireikningar og afkastamat fyrir vinnslusvæðin, sem Norðurorka nýtir, verða endurskoðaðir árið 2003.



Mynd 16: Spár um vatnsborð í holu LPN-10 vegna 21 l/s dælingu úr holunni að viðbættri 15 l/s dælingu úr LPN-11. Sýndir eru nokkrir ferlar sem hafa mismunandi upphafsvatnsborð. Dæling úr LPN-11 hefst við tíma núll.

5.5 Samspil LPN-10 og LPN-11

